




Úthérað Ein sveit - okkar sveit!

Samantekt af íbúáþingi - nóvember 2022

Jóhann Björn Sigurgeirsson // johann@ austurbru.is

austurbru.is




AUSTURBRÚ

UM ÍBÚAÞING

Íbúáþing var haldið í Brúarási laugardaginn 27. ágúst 2022 frá 11:00 til 16:00. Fundurinn var liður í nýju byggðaverkefni á Úthéraði sem hófst í kjölfar verkefnis sem lauk í apríl á þessu ári. Markmið þingsins var að ræða tækifæri og búsetugæði á svæðinu. Um 30 þátttakendur voru á þinginu og gáfu þeir verkefninu nafnið *Úthérað: Ein sveit - okkar sveit*. Þátttakendur komu úr þeim fjórum sveitum sem mynda Úthérað og stýrðu þeir dagskrá og umræðum en í lok dags voru niðurstöður þingsins teknar saman þar sem sveitarstjórnarfólki úr Múlaþingi var boðið að koma og hlýða á þær. Matur og kaffiveitingar voru í umsjón skólaeldhúss Brúaráss og var dagskráin brotin upp með matar- og kaffihléum. Þinginu stýrðu verkefnastjórar frá Austurbrú; fundarstjóri var Tinna Halldórsdóttir yfirverkefnastjóri og með henni voru Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdarstjóri, Gabríel Arnarsson og Alda Marín Kristinsdóttir verkefnastjórar. Verkefnastjórn Úthéraðs-verkefnisins mætti á þingið en í henni sitja Davíð Þór Sigurðarson úr Eiðaþinghá, María Guðbjörg Guðmundsdóttir frá Hjaltastaðaþinghá, Laufey Ólafsdóttir úr Hróarstungu og Árni Jón úr Jökulsárhlíð.

Dagskrá íbúáþings var byggð á aðferðafræðinni Open-Space sem notuð er í verkefnum Brothættra byggða. Í upphafi er dagskrá sett saman af íbúum og ráða þeir því um hvað er rætt til að mikilvægustu málefni byggðarinnar séu ráðandi á dagskrá. Þingið hófst á ávarpi framkvæmdastjóra Austurbrúar sem fór yfir tilurð verkefnisins og afhenti hún svo fundarstjóra svo stjórn þingsins.


Dagskrá var sett fram í formi umræðustofa sem voru fjórar samhliða í þremur lotum.

	Íþrótt/Matsalur	A-stofa niðri fremri	B- Stofa niðri fremri	C- Stofa uppi fremri	D- Stofa uppi innri
11:00 11:15	Upphaf þings: Val umræðuefna				
11:45 12:30		Skólamál Tómstundaakstur	Samgöngur Vegir Símasamband	Skipulagsmál Jarðarmál Frístund	Félagsheimili Menning
12:30 13:00	Matur				
13:00 13:45		Fólksfjölgun Lífsgæði	Atvinnutækifæri	Ein sveit	Orkan
13:45 14:30		Þjónusta		Landbúnaður Landbrot Landvernd Skógrækt	Ferðaþjónusta Áningarstaðir Perlur og seglar
14:30 14:45	Kaffi og könnun				
14:45 15:15	Hugmyndatorg Kosning				
15:15 16:00	Samantekt				

Tafla 1. Dagskrá íbúáþings.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Mikilvægustu niðurstöður íbúafþings og forgangsmál að mati íbúa eru:



Mynd 1. Málaflokkar í umræðu íbúafþings og mikilvægi þeirra.

Í lok þings voru þátttakendur beðnir að forgangsraða málefnum eftir mikilvægi fyrir eflingu byggðar á Úthérað. Hún fór þannig fram að hver þátttakandi fékk einn gulan límmiða sem táknaði 10 stig og 10 bláa límmiðar þar sem hver límmiði táknaði eitt stig. Þessum miðum eða atkvæðum gátu þeir ráðstafað að vild á málefni. Á mynd 1 má sjá niðurstöðurnar þar sem búið er að slá málefnum saman í þá meginflokka sem umræðan flokkaðist í, eðlilega er einhver skörun milli flokka en þeir flokkar sem hér voru settir fram draga fram þær megin línur sem umræðan rúmaðist innan. Brýnustu málin snúa að samgöngum og svo þeim sem tengjast ferðaþjónustu og orkumálum.

Undir þessum málefnaflokkum voru fjölmörg málefni sem voru rædd en þau voru í meginatriðum eftir þessum línum.

1. Samgöngumál
 - a. Skólaakstur
 - b. Snjómokstur
 - c. Jarðgögn undir Hellisheiði
 - d. Viðhald vega
2. Ferðaþjónusta
 - a. Aukinn sýnileiki
 - b. Afþreying
 - c. Þjónusta innviðir og öryggi
3. Orkumál
 - a. Tryggja raforku og ljósleiðara
 - b. Heimavirkjanir og heimarafstöðvar
 - c. Jarðvarmi

4. Skipulagsmál
 - a. Skilgreina notkun lands
 - b. Skipulag skógræktar
 - c. Jarðamál og búseta
 - d. Samstilling Kárahnjúka og Lagarfossvirkjunar
 - e. Tækifæri fyrir akuryrkj
5. Fjölskyldu- og skólamál
 - a. Fjölskyldu- og skólamál
6. Nýsköpun og starfstækifæri
 - a. Félagsheimilin
 - b. Vinnustofur og námsver
 - c. Framleiðslumiðstöðvar
7. Lífsgæði, fólksfölgun og að laða að nýtt fólk
 - a. Fólksfölgun og laða að nýtt fólk
8. Sauðfjárvarnir, síma- og netsamband
 - a. Farsímasamband og öryggismál
 - b. Sauðfjárveikivarnir
9. Þjónusta við sorphirðu
 - a. Sorphirða

Að mati þátttakenda var skólaakstur barna eitt brýnasta málefnið. Í því felst hvernig mætti betur nýta skólabílinn og bæta hann svo börn hafi sömu tækifæri og önnur börn til þess að stunda íþróttir, tómstundir og leika við önnur börn. Næst kom að auknum sýnleika þess sem er í boði á Úthéraði, þ.e.a.s. markaðsetja svæðið sem heild og stýra akstri ferðafólks að því sem er í boði á svæðinu. Þriðja stærsta málið að mati þátttakenda snéri að því að hraða þyrfti uppbyggingu á ljósleiðaratengingu og þriggja fasa rafmagn og tryggja að það fái á sama verði og annars staðar. Á eftir því kom snjómokstur, fjölskyldu- og skólamál, jarðgöng undir Hellisheiði og skilgreining notkunar lands.

Önnur málefni á dagskrá þingsins voru afþreying, fólksfölgun og að laða nýtt fólk að, félagsheimilin og menning, viðhald vega, farsímasamband, öryggismál, sorphirða, framleiðslumiðstöðvar, skipulag skógræktar, tækifæri til akuryrkju, þjónusta, innviðir, jarðvarmi, samstilling á milli Kárahnjúka og Lagarfossvirkjunar, jaðarmál og búseta, sauðfjárveikivarnir, vinnustofur og námsver.

Í köflunum hér á eftir er fjallað um umræðurnar eftir þeim 9 málefnaflokkum sem lagðir voru fram. Tilvitnanir eru í umræðuna og koma úr þeim samantektum sem lagðar voru fram eftir hverja umræðulotu.

1. SAMGÖNGUMÁL

Mikilvægasta forgangsmál þingsins voru samgöngur. Í því felst að bæta þurfi samgöngur á Úthéraði með því að halda vegum opnum með betri snjómokstri, auknu viðhaldi á vegum, jarðgöngum í gegnum Hellisheiði og betri almenningsamgöngum.

1.1 Skólaakstur - jöfn tækifæri fyrir börn

Efst á baugi að mati þátttakenda á þinginu var að nýta mætti betur skólabílinn og bæta hann svo börn á svæðinu hafi sömu tækifæri og önnur börn til þess að stunda íþróttir, tómstundir og leika við önnur börn. Rætt var um að vanti meiri liðleika og sveigjanlegri reglur hvað varðar skólaakstur til að mæta þeirra þörfum en skólabílstjórar neita oft að taka börn utan sveita og bera fyrir sig tryggingarmálum.

Sveitafélagið þarf að koma til móts við foreldra í akstri vegna tómstunda og íþróttar svo öll börn hafi tækifæri, óháð búsetu. Börn sem eiga langt að sækja íþróttir eða tómstundir hafa minni tækifæri til að stunda þær vegna fjarlægðar (tekur langan tíma fyrir foreldra að skutla og sækja + ef fleiri).

Börn sem búa til sveita þurfa líka að fá tækifæri til að leika við önnur börn. Ekki má banna sveitabörnum að taka vini sína með sér heim (með skólabíl).

Sveigjanlegri reglur – skólabílstjórar hljóta að vera með tryggingar fyrir fullan skólabíl en neita oft að taka börn utan sveita og bera fyrir sig tryggingarmálum.

1.2 Snjómokstur

Eitt mikilvægasta málefnið hvað varðar samgöngur sneri að snjómokstri. Rætt var um að auka þurfi gæði, tímasetningar, þjónustu og skoða forgangsroðun Vegagerðarinnar. Tímasetningar henti oft illa fyrir skólaakstur eða ferðir í kaupstað vegna þess að rutt er síðla dags. Stofnvegir ganga fyrir, næst koma hliðar- eða tengivegir sem þýðir að þeir sem búa við tengivegi fá ekki mokstur fyrir en síðla dags.

Stofnvegir ganga fyrir og svo hliðar- eða tengivegir. Þetta þýðir að þeir sem búa við tengivegi fá ekki mokstur fyrir en síðla dags, milli 16 og 19. Það er engin þjónusta, börnum er til dæmis skutlað í skóla á morgnana.

Vegir eru ekki mokaðir í Tungu. Við erum svo fá þess vegna fáum við ekki þjónustu.

Þýðir ekkert að flytja þangað því það er ekki opnað á veturna.

Tillögur að lausnum væru að bjóða verkin til fleiri aðila sem búa í sveitinni. Hugmyndin var sú að bjóða snjómokstur út í sveitunum. Þannig mætti í leiðinni fjölga atvinnutækifærum fyrir bændur, þ.e.a.s. fá fleiri verktaka í snjómokstri þannig að hver og ein tæki minna svæði í einu. Með því væri hægt að straumlínulaga þjónustuna og minnka um leið bið. Því til stuðnings var nefnt að hægt væri að fá þrjá verktaka til að taka að sér lítinn hluta sem myndi um leið minnka biðtíman. Markmiðið er að snjómokstur verði fyrir á daginn. Þessi lausn gæti styrkt atvinnulífið og aukið um leið þjónustu.

2. FERÐAÞJÓNUSTA

Einn af mikilvægustu málaflokkunum sem kom fram á íbúafingi sneri að ferðaþjónustu. Í því felst að auka sýnileika þess sem er í boði, auka afþreyingarkostum, bæta þjónustu, innviðum og öryggi ferðamanna.

2.1 Aukinn sýnileiki

Á þinginu kom sterklega fram að auka þyrfti sýnileika þess sem er í boði, markaðsetja svæðið sem heild og stýra akstri ferðafólks á þá staði. Rætt var um mikilvægi þess að koma náttúruperlum svæðisins á framfæri með því að setja upp skilti og það víða. Nefnt var að gott væri að setja upp stórt skilti með yfirlit yfir svæðið og merkja alla staði á Úthéraði á. Að sama skapi þurfi að bæta aðgengi á salernum, merkja þau inn á kort og hafa merkingar við eyðibýli.

Rætt var um að gera Hjaltalund að miðstöð upplýsinga á svæðinu, vera með bæklinga og dreifa þaðan ferðamönnum um alla sveit, koma fyrir hringsjá eða kompási (eitthvað svipað og vindhreinýrið á leiðinni upp í Laugarfell) og upplýsingaskilti á vegmótum við Laufás með QR-kóða með frekari upplýsingum. Á þinginu kom upp umræða um stofnun markaðsráðs í sveitinni þannig að allir geti hjálpið að við að koma hver öðrum á framfæri.

Perlur svæðisins: Stóruurð, Landsendi, Héraðssandur, Þerriþjörg, Stapavík, Kórreksstaðavígi, Galtastaðir fram, Lambanesþing, Tókastaðaás, Bjarnarey (upplýsingar), kirkjur, sjálfsalinn hans Kidda.

2.2 Afþreying

Hér var rætt um að auka framboð á afþreyingu víða þannig að það væri hægt væri að aka hring í sveitinni. Tillögur komu fram meðal þátttakenda að bjóða upp á draugasetur og heimsóknir á lítil bú. Að sama skapi væri sá möguleiki fyrir hendi að styrkja sögutengda ferðaþjónustu með því að draga fram gamla fræga staði, í því samhengi voru staðir á borð við Kórreksstaðavígi, Lambanesvíg og gamalt alþýðubýli við Galtastaði Fram nefndir. Auk þess væri hægt að bjóða upp á heildstæða sýningu um svæði með leiðsögn, þar sem sagt er frá menningu, sögu, helstu gönguleiðum, náttúruperlum og náttúrufari o.s.frv.

Afþreying sem er til staðar á Úthéraði: Escape í Hjaltalundi, hestaleigur, kaffihús á Litla-Bjargi í Jökulsárhlíð, fótboltagolf og húsdýragarður á Finnsstöðum.

2.3 Þjónusta, innviðir og öryggi

Kallað var eftir því að forgangsraða vegum að náttúruperlum sem eru illa farnir og laga þá, t.d. að Hjaltalundi. Mikilvægt er að hugsa um þau svæði sem er verið að beina ferðafólki að. Að sama skapi þurfi að beina fólki á rétta leið niður að sjó um Héraðsand, þar sem það er landgræðslusvæði, fremur en að það fari hvaða slóða sem er. Einnig var rætt um að auka gistimöguleika á svæðinu með tjaldstæðum eða gististöðum.

Nauðsynlegt er að hugsað séð um þau svæði sem verið er að beina fólki á. Friðlýsing án aðgerða skilar ekki ávinningi fyrir umhverfið.

Veglagning niður á Héraðssand kallar á aukna öryggisgæslu. Þetta er landgræðslusvæði og aukin umferð hefði rask í för með sér.

3. ORKUMÁL

Einn málaflokkurinn sem kom fram á íbúafingi snéri að orkumálum á svæðinu. Sá flokkur snýr að raforku, ljósleiðara, möguleika til uppsetningar á heimarafstöðvum og leit að jarðvarma.

3.1 Tryggja raforku og ljósleiðara

Rætt var um að hraða þyrfti uppbyggingu á þriggja fasa rafmagnni, ljósleiðaratengingu og tryggja að allir fái þriggja fasa rafmagn á sama verði og aðrir notendur.

Þriggja fasa rafmagn er víða ekki á dagskrá fyrir en seint og síðar meir, t.d. í Jökulsárhlíð, ekki fyrir en árið 2030.

Áform um vindorkugarða af hálfu sveitarfélagsins við íbúa: Skoðun þeirra sem tóku þátt í umræðunni var að vindmyllugarðar væru mistök á Úthéraði.

3.2 Heimavirkjanir – Heimarafstöðvar

Á íbúafinginu spratt sú umræða upp að kanna möguleika til uppsetningar heimarafstöðva á bæjum á svæðinu, t.d. hafa samband við Orkustofnun varðandi ráðgjöf og/eða styrki.

3.3 Jarðvarmi

Hér var stungið upp á þeirri hugmynd að efla leit eftir heitu/volgu vatni á Úthéraði sem gæti nýst í varmadælur.

4. SKIPULAGSMÁL

Einn málaflokkurinn sem kom upp á íbúafinginu sneri að skipulagsmálum. Í honum felst að skilgreina mismunandi notkun lands, skipulag skógræktar, jarðar- og búsetumál, vatnshæð, samstillingu á milli Kárahnjúka og Lagarfossvirkjun og tækifæri til akuryrkju.

4.1 Skilgreining á landnotkun

Á þinginu var rætt um að nauðsynlegt væri að skilgreina mismunandi notkun lands að teknu tilliti til þess hvar á að vera landbúnaðarland, beitiland, beitiland í skógi, skógræktarland, skjólbeltarækt, land til frístundabúsetu og nýrrar búsetu o.s.frv. Íbúar töldu nauðsynlegt að sveitarstjórnin kynnti fyrir íbúum Úthéraðs hvað væri fyrirhugað í nágrenninu sem varðar landnotkun (s.s. orkuöflun, skógrækt, iðnarlóðir o.s.frv.). Nefnt var að nýta mætti svæði sem nýtur skjóls, sólar og útsýnis til sumarhúsabyggð.

Íbúar töldu mikilvægt að huga betur að landvernd og uppgræðslu til að sporna við landbroti, t.d. við Jökulsá á Dal og við Lagarfljóti. Að mati íbúa væri hægt gera mun betur í uppgræðslu á svæðinu. Að sama skapi þyrfti að skilgreina betur hvað skal gera gagnvart landbroti. Nýta mætti fjármagn Uppgræðslusjóðsins betur til þess en sá peningur hefur að mestu farið upp á heiði en ekkert meðfram ánum.

Einnig var rætt um friða ætti svæði við Hjaltaðastaðafinghá (Útey, Húsey og víðar) til að varðveita fuglalíf á svæðinu. Þar að auki þyrfti að verja lífríkið við Héraðsflóa, útrýma vargi, tófum og minkum sem eyða fuglalífinu.

Landbrot - Skilgreina hefði þurft betur hættuna við að taka eitt fljót og færa í annað. Það var aldrei samið um bætur við Lagarfljót en það er stórt mál og hápólitískt.

4.2 Skipulag skógræktar

Þátttakendur á íbúðþinginu ræddu um mikilvægi þess að skilgreina hvaða land á að taka undir skógrækt þannig að sátt náist um það. Þar sem núverandi skipulag skógrækta væri ekki nægilega gott, það þurfi t.d. að vernda tilvonandi akurlendi og passa upp á að halda í fjölbreytni (mólendi, votlendi o.s.frv.). Skógrækt á ekki alstaðar við, t.d. upp á fuglalíf og getur einnig skapað erfiðleika við smölun. Skógræktin var t.d. komin með jarðir á Ánastöðum þar sem mikil gróður var fyrir og ekki nauðsynlegt að planta.

Ásóknin í land er mikil frá Skógræktinni og einkaaðilum sem eru búnir að selja kolefnisbindingu af því það gefur pening. Það eru ekki endilega bændurnir sem njóta.

Úthérað og láglendi þar fyrir utan: Þar á ekki að vera skógrækt vegna fuglalífs, flóa og mýra. Varðveita náttúrulega mynd.

4.3 Jarðamál og búseta

Á þinginu var rætt um jarða- og búsetumál. Þátttakendur höfðu áhyggjur af því að margar jarðir standi tómar sem veldur órækt. Víða væri að finna ónýtar og ónýttar byggingar en aftur á móti væru engar kvaðir á landeigendum að hugsa um það sem veldur skaða og sóðaskap. Auk þess væri eigendafjöldi óbærilegur og íþyngjandi t.d. væru sumar jarðir í eigu 20 til 200 manns. Rætt var um að það þyrftu að vera einhverjar skyldur fyrir jarðeigendur og horfa til annara landa með búsetuskyldu á jörðum.

Jarðaeigendur eru ekki að nýta land sitt. Það koðnar niður og ekkert er gert en enginn getur neitt gert. Vantar ábúðarskyldu.

Ef fólk á jarðir, þarf þá ekki að vera einhverjar skyldur t.d. girðingar, húsnæði. Af hverju eru sumar jarðir í eigu 20-200 manns – segir sig sjálft að það er erfitt að finna lausn á vandinum. Það þyrfti að breyta jarðarlögum og lögum um dánarbú. Að skipta jörðum niður skapar of mörg vandamál og gera það að verkum að fólk getur ekki fengið jarðirnar til leigu eða ábúðar.

Eigendur jarða í dreifbýli komast upp með að vera of margir sem veldur ákveðinni stöðnun á eigninni. Fleira fólk í dreifbýli býður upp á og býr til ýmsa möguleika. Samfélögin þurfa að vera opin gagnvart nýbúum.

4.4 Vatnshæð og samstilling á milli Kárahnjúka og Lagarfossvirkjun

Þátttakendur á þinginu ræddu um að tryggja þyrfti samstillingu á milli Kárahnjúka og Lagarfossvirkjunar. Virkjanir í eigu mismunandi aðila hafa áhrif á bæði vatnshæð, landbrot og möguleikana til að minnka áhrif vatns á land. Tryggja þarf að þessu sé vel sinnt og búnaður sem á að nýtast til samstillingar sé í lagi og að ákvæði í samningum sé fylgt eftir.

4.5 Tækifæri fyrir akuryrkju

Um ræða kom upp á þinginu um möguleika þess að byggja undir akuryrkju.

Hvar eru t.d. tækifæri til þurrkunar (heitt vatn) o.s.frv.? Hvernig er hægt að byggja undir þessa búgrein (sameiginleg þurrkun, geymsla o.s.frv.)?

5. FJÖLSKYLDU OG SKÓLAMÁL

Einn málaflokkurinn sneri að fjölskyldu- og skólamállum.

5.1 Skólamál

Íbúar á þinginu ræddu um að tímabært sé að marka einhverja stefnu varðandi skólamál á svæðinu. Þeir sjá fram á fækkun í Brúarásskóla, að það verði fátítt í árgangi og sjá fyrir sér að umhverfið verði því erfitt. Vinnan þarf að byrja strax en ekki þegar skaðinn er skeður. Hvernig ætlum við að fjölga fólki hér? Ætlum við að keyra börnin í Egilsstaði?

5.2 Fjölskyldustefna

Það þarf að þjónusta fjölskyldur betur til að fjölga fólki til sveita. Íbúar á þinginu kölluðu eftir meiri sveigjanleika til að mæta þörfum íbúa.

6. NÝSKÖPUN OG STARFSTÆKIFÆRI

Einn málaflokkurinn sem kom fram á íbúaþingi snerist um að auka nýsköpun og starfstækifærum. Fram kom að nýta mætti betur húsnæði sem er í boði á Úthéraði til ýmis konar aðstöðu, m.a. fyrir vinnustofur, námsver, framleiðslumiðstöðvar og til annara afþreyingar svo eitthvað sé nefnt.

6.1 Félagsheimilin og menning

Fram kom á íbúaþinginu að nýta mætti húsnæði á borð við Tungubúð, Hjaltalund og barnaskólana á Eiðum og Brúarási fyrir myndlistasýningar, veitingasölu og til afnota af sameignlegum viðburðum í sveitunum til skiptis. Hægt væri að markaðssetja félagsheimilin sem aðstöðu fyrir t.d. áhugaleikhópa, listafólk og nýta húsnæðið til ýmis konar viðburða. Einnig væri hægt að nýta félagsheimilin við Brúarás fyrir fjarvinnustörf eða námsver og rannsóknaraðstöðu fyrir nema.

Hugmyndir komu upp um að hægt væri að nýta félagsheimilin sem tengingu við náttúruperlur, nýta t.d. félagsheimili sem upplýsingamiðstöð ferðamanna sem fara um Stóruð og Stapavík (v. friðlýsingar). Að mati þátttakenda væri kjörið að hafa tjaldsvæði við félagsheimilin og nýta aðstöðuna sem þar er í boði.

Vandinn er sá að það er mismunandi eignarhald á félagsheimilunum. Sem dæmi er Tungubúð í 70% eigu kirkjunnar, ungenafélagsins, kvenfélagsins o.fl. Hjaltalundur er í 85% eigu Múlaþings og rest í höndum annarra félaga og samtaka. Spurt var hver bæri ábyrgðina á félagsheimilunum? Kallað var eftir meiri samheldni og samstöðu milli sveitanna. Hugmyndir komu upp til þess að bæta samheldnina, t.d. að fara í vísindaferðir milli bæja og að stofna menningarfélag Úthéraðs eða samtök um félagsheimilin.

6.2 Vinnustofur og námsver

Ræddar voru hugmyndir um að nýta húsnæði sem til er á svæðinu sem sameignlega aðstöðu þar sem hægt væri að setjast niður, læra saman, stunda fjarvinnu og fjarnám. Þannig væri komin möguleiki á aðstöðu fyrir staðbundin og óstaðbundin störf í sveitinni.

6.3 Framleiðslumiðstöðvar: Vottun eldhúsa og framleiðsla matvæla á svæðinu

Hugmyndir komu fram á þinginu um að nýta mætti betur sláturhúsið á Fossvöllum, t.d. undir kjötframleiðslu á svæðinu og þannig skapað möguleika á heimavinnslu. Einnig að það yrði gerður listi yfir vottuð eldhús á svæðinu þar sem hægt væri að vinna og pakka matvælum, bæði grænmeti og kjötvörum.

7. LÍFSGÆÐI, FÓLKSFJÖLGUN OG AÐ LAÐA AÐ NÝTT FÓLK

Á íbúafþinginu var rætt um þau vandamál sem standa helst í vegi fyrir fólksfjölgun á svæðinu. Þátttakendur nefndu m.a. að taka þurfi betur á móti fólki, húsnæðiskortur væri mikil, ekkert framboð á húsnæði, margar jarðir komnar í eyði og það væri ekki auðvelt að yrkja jörðina aftur, skortur á landrými, að jarðir séu gefnar skógræktinni. Til þess að bæta lífsgæði fólks á Úthéraði þyrfti betri samgöngur, t.d. með því að nýta skólabílinn betur, opna vegi á veturna og heimreiðar.

8. SAUÐFJÁRVARNIR, SÍMA- OG NETSAMBAND

8.1 Farsímasamband og öryggismál

Kallað var eftir því að tryggja þyrfti farsímasamband alstaðar þar sem heimasíminn er að verða úreltur einkum frá sjónarmiði öryggismála. Erfitt er að tryggja öryggi ef ekki er hægt að ná til íbúa og það væri ábyrgð Landsvirkjunar að standa við þeirra loforð um öryggi íbúa. Kallað var eftir rýmingaráætlunum ef Kárahnjúkavirkjun myndi breyta. Svo hægt sé að stuðla að auknu öryggi íbúa á Úthéraði þarf að vera hægt að ná í þá í síma og koma varnarskeytum áleiðs. Þar að auki þarf rýmingaráætlun og flóttaleiðir að vera þekktar á hverjum bæ.

Rýmingaráætlanir ættu að vera upp á borðum og vera þekktar á hverjum bæ.

Landsvirkjun lofaði að tryggja öryggi íbúa. Erfitt er að tryggja öryggi ef ekki er hægt að ná til þeirra. Ábyrgð Landsvirkjunar á símasambandi.

8.2 Viðhald á girðingum, sauðfjárveikivarnir og pípuhlið

Rætt var um mikilvægi þess að hafa sauðfjárveikivarnir í lagi og vöntun á pípuhliðum á svæðinu. Aflífa þarf fé sem villist inn á önnur svæði vegna lélegra girðinga og hliða. Íbúar ræddu um að það þyrfti að breyta skipulagi svæða, opna svæði og ráðast í endurbætur, t.d. á pípuhliðinu á Hjaltastadavegi en það hefur gjarnan eyðilagð dekk.

9. ÞJÓNUSTA VIÐ SORPHIRÐU

Íbúar á þinginu kölluðu eftir því að fá safngáma í nærumhverfinu til að flokka plast, pappa, járn, timbur o.fl., þó það væri ekki nema í einhvern tíma á ári. Einnig var kallað eftir betri samskiptum um sorphirðu á svæðinu, t.d. þegar plast er sótt.